



Alþingi – nefnda- og greiningasvið

Umhverfis- og samgöngunefnd

Kirkjustræti

150 Reykjavík

Reykjanesbær, 10. maí 2023

Mál nr. 2023020682

Umsögn vegna frumvarps til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna tímabundinna undanþága frá skipulags- og byggingarlöggjöf og skipulagi.

Með lagafrumvarpinu er verið að færa skipulags- og byggingarvald frá hlutaðeigandi sveitarfélagi yfir til Skipulagsstofnunar að fenginni beiðni frá Vinnumálastofnun.

Með því að svipta sveitarfélög skipulags- og byggingarvaldi er verið að skapa slæmt fordæmi til framtíðar í skipulags- og byggingarmálum.

Með lagafrumvarpi þessu er í raun verið að setja starfsmenn skipulags- og byggingarfulltrúa, eldvarnaeftirlits og heilbrigðiseftirlits í þá stöðu að vinna gegn eigin vitneskju, heiðri og samvisku með því að taka ábyrgð á að setja borgara í ómannúðlegar aðstæður.

Það að hlutaðeigandi sveitarfélag skuli tilkynna lóðarhöfum og nágrönnum í grenndinni um breytta notkun á húsnæði er fráleitt. Sú kynning á betur heima hjá Skipulagsstofnun eða Vinnumálastofnun sem er í raun samkvæmt frumvarpinu leyfisveitandi.


Í lagafrumvarpinu eða greinargerð er hvergi tekið á mótvægisáðgerðum til að leysa þann vanda sem frumvarpinu er ætlað að koma til móts við, einnig er frjáls heimild ráðherra til framlengingar á reglugerð til veitingu undanþága letjandi til varanlegra lausna til framtíðar.

Lagafrumvarpið er losaralegt í hugtakanotkun sem er ekki góður leiðarvísir í vandaðri stjórnsýslu t.d. eru hugtök sem vísað er til í 3. og 4. gr óljós og óskilgreind. Þegar vísað er til hugtakanna „nærri“ eða í „göngufæri“ eru þau hugtök merkingarlaus. Er átt við göngufæri þriggja ára barns, fullorðinnar manneskju eða aldraðra einstaklinga? Er verið að vísa í 5 mínútna hverfið sem hefur ekki lagalega skilgreiningu?

Virðingarfyllst,


Sveinn Björnsson

byggingarfulltrúi


Gunnar Kr. P. Ottósson

skipulagsfulltrúi

Ráðhús Reykjaneshæjar

Tjarnargata 12

230 Reykjaneshæjar

Sími: 421 6700

reykjaneshæjar@reykjaneshæjar.is

www.reykjaneshæjar.is

• Virðing

• Eldmóður

• Framsækni